

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1983, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 35/1983 um breytingar á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 757 30. nóvember 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

1. mars 1983

Nr. 143

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Kirkjuhúsið, Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. mars 1983. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Kirkjuhúsið.

1. gr.

Stofnunin heitir Kirkjuhúsið og er sjálfseignarstofnun. Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík. Stofnunin er sett á fót að frumkvæði kristnisjóðs.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að annast dreifingu og sölu á bókum og ritum Útgáfunnar Skálholts, svo og dreifingu og sölu á ritum annarra stofnana Þjóðkirkjunnar. Ennfremur að annast útvegum og sölu annarra kirkjulegra muna og skylda starfsemi.

3. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með rekstrarfé sínu og þeim eignum, sem hún kann að eignast með öðrum hætti.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa 5 menn sem tilnefndir eru til eins árs í senn af eftirfarandi stofnunum: Einn frá Hjalparstofnun kirkjunnar, einn frá Útgáfunni Skálholt, einn frá Æskulýðsstarfi Þjóðkirkjunnar, og einn frá Biskupsstofu. Biskup Íslands er sjálfkjörinn og er jafnframt stjórnarformaður.

Stjórn stofnunarinnar markar henni stefnu og ber ábyrgð á henni.

5. gr.

Aðalfund stofnunarinnar skal halda fyrir 15. mars ár hvert og er hann lögmætur er $\frac{3}{5}$ stjórnarmanna hið fæsta eru á fundi.

Aðalfund sitja stjórnarmenn og hafa þeir einir kosningarétt. Til aðalfundar skal auk þess boða rekstrarstjóra stofnunarinnar og hefur hann málfrelsi og tillögurétt. Auk þess getur stjórn stofnunarinnar boðið öðrum til aðalfundar. Skilar rekstrarstjóri á aðalfundi endurskoðuðum ársreikningi.

6. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar stofnunarinnar lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar.
4. Tillögur til breytinga á skipulagsskrá, ef fram koma.
5. Önnur mál.

7. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Ársreikningur stofnunarinnar endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda, skal liggja frammi fyrir stjórnarmenn viku fyrir aðalfund.

8. gr.

Stjórnin ræður rekstrarstjóra fyrir stofnunina og hefur hann heimild til að rita firma hennar og skal afla verslunarleyfis fyrir starfsemina eftir því sem þarf. Samþykki stjórnar þarf til þess að ráðstafa fjármunum eða öðrum eignum stofnunarinnar nema að svo miklu leyti er lýtur að almennum viðurkenndum viðskiptaráðstöfum. Svo er og aðilum óheimilt, án samþykkis hinna, að skuldbinda stofnunina með víxiláritun eða á annan hátt sem ábyrgðarmenn fyrir skuldum annarra nema ábyrgðin standi í beinu sambandi við viðskipti stofnunarinnar eða sé afleiðing af þeim. Á sama hátt þarf samþykki allra aðilanna til að selja eða veðsetja eignir sem stofnunin á eða kann að eignast, til að kaupa slíkar eignir, svo og til að ráða starfsmenn að stofnuninni.

9. gr.

Ef hagnaður verður á rekstri stofnunarinnar skal honum varið til eflingar starfsemi hennar eða til styrktar öðru kirkjulegu starfi, samkvæmt ákvörðun stjórnar.

10. gr.

Verði ákveðið að leggja sjálfseignarstofnunina Kirkjuhúsið niður, skulu eignir þess allar renna til líknarstarfs kirkjunnar.

11. gr.

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari ná fram að ganga, hljóti þær fylgi $\frac{3}{5}$ hluta atkvæða stjórnar.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.